

Stjórnarfundur FEBSEL 28.08.24 haldinn á Skólabraut 5 kl. 15.30.

Mættir voru allir stjórnarmenn.

Formaður kynnti dagskrá fundarins:

1. Ráðstefna á vegum LEB og sveitastjórna um Öldungaráðin í haust.
2. Öldungaráðið Seltjarnarnes og staða málefna þar.
3. Íþróttafélagið Gróttu og frístundapassar ásamt námskeiðum.
4. Staða málefna eldri borgara í framtíðarstefnu bæjarins um mál eldri borgara
5. Bókasafnið og samstarf okkar við það og framtíðarmöguleikar.
6. Önnur mál.

1. Ráðstefna á vegum LEB og sveitastjórna um Öldungaráðin í haust

Formaður minnti á ráðstefnu LEB og sveitarstjórna um reynslu af starfi Öldungaráða sem haldin verður í haust. Minnt var á hve misjafnlega hefur gengið að að gera þau að virkum vettvangi samstarfs febfélaga og sveitarstjórna. Dagsetning liggur ekki fyrir. Minnt var á góða reynslu Hafnfirðinga af samstarfi sveitarstjórnar og fél. Eldri borgara.

2. Öldungaráðið Seltjarnarnes og staða málefna þar

Lítið hefur gerst hjá Öldungaráði Seltjarnarness. Leitað hefur verið eftir viðbrögðum en lítið þokast í málum. Má þar m.a. nefna tómstundastyrkitil eldra fólks.

3. Íþróttafélagið Gróttu og frístundapassar ásamt námskeiðum

Umræða um frístundapassa og samstarf við Gróttu og sveitarfélagið hefur ekki skilað árangri. Sjá umræðu á fyrri fundum stjórnar.

4. Staða málefna eldri borgara í framtíðarstefnu bæjarins um mál eldri borgara

Svo virðist sem bæjarráð hafi staðfest tillögu að forvarnarstefnu sem nær einnig til aldraðra. Fulltrúi okkar í starfsnefnd um málið átti virkan þátt í mótun hennar, en undrast hvernig haldið var á málum. Það þarf þó að skýrast betur hver staðan er.

5. Bókasafnið og samstarf okkar við það og framtíðarmöguleikar

Formaður hefur átt viðræður við forstöðukonu bókasafnsins og ræddi samstarfsmöguleika, námskeið, fyrirlestra o.fl. Stjórnin samþykktivar að leita til Óttars Guðmundssonar læknis um opinn fyrirlestur um miðjan nóvember.

6. Önnur mál

- Helgi sagði frá fulltúaráðsfundi Eirar sem hann sat fyrir okkar hönd.
- Rætt um aðstöðu fólks sem fer í stuttar gönguferðir með aðstoðarmanni vegna veikinda og á í erfiðleikum með að finna staði til að setjast niður til að hvílast. Rætt um að t.d. mætti fjölga bekkjum í bænum. Ákveðið að halda umræðunni áfram og leyta lausna eftir líflegar umræður.
- Áframhaldandi lestraraðstoð rædd. Lítill stuðningur við verkefnið af hálfu skólans og kennara.

Fundi slitið kl. 18:00

StefánBergmann og Aðalbjörg J. Finnbogadóttir ritari skráðu.